



## EFNI:

Fóstureyðingar 2013 bls. 1

Ófrjósemis-  
aðgerðir 2013 bls. 2

### Ritstjórn

Sigríður Haraldsdóttir  
sviðsstjóri, ábm.

Jónína M. Guðnadóttir

Ritstjóri

Hildur Björk Sigbjörnsdóttir

### EMBÆTTI LANDLÆKNIS HEILBRIGÐISUPPLÝSINGAR

Barónsstíg 47  
101 Reykjavík  
Sími: 510 1900  
Bréfasími: 510 1919

Netfang: mottaka@landlaeknir.is  
Veffang: www.landlaeknir.is

Heimilt er að nota efni þessa  
fréttabréfs, sé heimildar getið.

## FÓSTUREYÐINGAR 2013

Nýlega voru tölur um [fóstureyðingar árið 2013](#) gefnar út á vef Embættis landlæknis. Þá voru eldri tölur enn fremur endurskoðaðar og endurútfærðar.

Árið 2013 voru framkvæmdar 963 fóstureyðingar á Íslandi, en það er svipaður fjöldi og undanfarin ár. Nánari greining sýnir að á árinu 2013 voru framkvæmdar 12,5 fóstureyðingar hér á landi miðað við hverjar 1.000 konur á frjósemisaldri (15–49 ára). Sem fyrr eru flestar fóstureyðingar gerðar á konum í aldurshópnum 20–24 ára, en 24,5 af hverjum 1.000 konum í þeim aldurshópi gengust undir fóstureyðingu árið 2013. Næstflestar fóstureyðingar voru framkvæmdar hjá 25–29 ára konum, 19,2 fóstureyðingar miðað við hverjar 1.000 konur á þeim aldri.

Fóstureyðingum í yngsta aldurshópnum hefur fækkað nokkuð undanfarin ár. Þannig gengust 12,8 stúlkur af hverjum 1.000 á aldrinum 15–19 ára undir fóstureyðingu árið 2013. Að meðaltali voru hins vegar framkvæmdar 15,8 fóstureyðingar hjá hverjum 1.000 stúlkum í


Fóstureyðingar	
Ár	Fjöldi
2000	987
2001	967
2002	900
2003	956
2004	889
2005	868
2006	904
2007	905
2008	959
2009	981
2010	977
2011	970
2012	980
2013	963

sama aldurshópi áratuginn á undan (2003–2012) en að meðaltali 19,3 fóstureyðingar hjá sama aldurshópi á árunum 1993–2012.

### Meðgöngulengd

Tölur um meðgöngulengd voru endurskoðaðar og endurútfærðar á sama tíma og tölur ársins 2013 voru birtar. Í nágildandi [lögum um fóstureyðingar](#) er kveðið á um að fóstureyðing skuli framkvæmd sem fyrst á meðgöngutímanum, helst innan 12 vikna meðgöngu. Eftir 16. viku er fóstureyðing eingöngu heimil af læknisfræðilegum ástæðum. Stærsti hluti þeirra kvenna sem

### Fóstureyðingar á 1.000 konur á hverju aldursskeiði



*Fóstureyðingum í yngsta aldurshópnum hefur fækkað nokkuð undanfarin ár.*

gengist hafa undir fóstureyðingu á undanförunum árum hafa verið gengnar 12 vikur eða skemur þegar aðgerð fór fram, eða ríflega 94% árið 2013. Af fóstureyðingaraðgerðum árið 2013 voru 4,6% framkvæmdar eftir 13–16 vikna meðgöngu og einungis 1,4% eftir lengri meðgöngu en 16 vikur.

#### Aðgerðarstaður

Meginhluti allra fóstureyðinga á landinu er framkvæmdur á kvennadeild Landspítalans. Þar voru framkvæmdar tæplega 90% allra fóstureyðinga árið 2013. Næstflestar aðgerðir voru framkvæmdar á Sjúkrahúsinu á Akureyri (7,7%) og á Heilbrigðisstofnun Vesturlands á Akranesi (2,2%).

*Hildur Björk Sigbjörnsdóttir*

## ÓFRJÓSEMISAÐGERÐIR 2013

Á árinu 2013 voru framkvæmdar 675 ófrjósemisaðgerðir á Íslandi, 507 aðgerðir á körlum og 168 á konum. Ekki hafa fleiri einstaklingar gengist undir ófrjósemisaðgerðir á einu ári hér á landi síðan um aldamót en á árunum 1996-2000 voru framkvæmdar yfir 700 aðgerðir árlega.


Tölfræðin sýnir að ófrjósemisaðgerðum á körlum hefur fjölgað jafnt og þétt undanfarna áratugi en árið 2013 gengust fleiri karlmenn (507) undir slíka aðgerð en nokkru sinni fyrr. Það ár voru karlmenn ríflega 75% þeirra sem fóru í slíkar aðgerðir. Til samanburðar voru ófrjósemisaðgerðir á körlum um 42% af

heildarfjöldi aðgerða fyrir áratug en um 9% allra ófrjósemisaðgerða fyrir tuttugu árum. Á hinn bóginn hefur ófrjósemisaðgerðum á konum fækkað nokkuð undanfarna áratugi, en þær voru tæplega fjórðungur af heildarfjölda aðgerða árið 2013.

#### Ófrjósemisaðgerðir og aldur

Ófrjósemisaðgerðir hafa um alllangt skeið verið algengastar hjá einstaklingum í aldurshópnum 35–44 ára. Þetta á bæði við um karla og konur. Árið 2013 voru framkvæmdar 14,6 ófrjósemisaðgerðir á hverja 1.000 karla á þessum aldri en 5,1 ófrjósemisaðgerð á hverjar 1.000 konur á sama aldri. Næstalgengastar voru

*Tölfræðin sýnir að ófrjósemisaðgerðum á körlum hefur fjölgað jafnt og þétt undanfarna áratugi.*



Ófrjósemisaðgerðir eftir kyni 2000-2013

Ófrjósemisaðgerðir hafa um alllangt skeið verið algengastar hjá einstaklingum í aldurshópnum 35–44 ára. Þetta á bæði við um karla og konur.

Ófrjósemisaðgerðir hjá aldurshópnum 25–34 hverja 1.000 karla í ofangreindum aldurshópi og ára, en í fyrra voru framkvæmdar 4,7 aðgerðir á 2,3 aðgerðir á hverjar 1.000 konur á sama aldri.

Hildur Björk Sigbjörnsdóttir

